

Nefndarsvið alþingis  
Bt. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju, Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). Mál nr. 880 á 154. löggjafarþingi.**

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreint frumvarp en því er ætlað að auka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í leigufélögum. Með frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á hámarkshlut lífeyrissjóða umfram 20% vegna félaga þar sem megin starfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga og hins vegar að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í ákveðnum óskráðum fjármálagerningum útgefnum af félögum sem hafa það að meginstarfsemi að leigja út íbúðarhúsnæði til einstaklinga.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með framlagningu þess en telur rétt að áréttu nauðsyn þess endurskoða starfsemi og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða með heildstæðum hætti. Núverandi löggjöf tók gildi 1. júlí 1998 og hefur verið breytt 69 sinnum frá þeim tíma og nú liggur fyrir þinginu sjötugasta breytingin. Íslenskir lífeyrissjóðir eru fyrirferðarmiklir fjárfestar á íslenskum fjármálamarkaði, eru grundvallarþáttur í skipulagi samfélagsins og bera ríkar skyldur gagnvart eigendum sínum. Því er mikilvægt og löngu tímabært að hlutverk þeirra og þar með fjárfestingarheimildir verði endurskoðaðar með heildstæðum hætti.

Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands